

FUNDARBOÐ

**567. fundur bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar
verður haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, 16. október 2023 og hefst kl.
17:00**

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 2309005F - Fundargerð bæjarráðs frá 20. september 2023

Liðir afgreiddir sérstaklega 6.

Eftirtaldir tóku til máls:

2. 2310001F - Fundargerð bæjarráðs frá 5. október 2023

Liðir afgreiddir sérstaklega 12, 13, 16 og 17.

Eftirtaldir tóku til máls:

3. 2309002F - Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 26. september 2023

Liðir afgreiddir sérstaklega 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 12 og 13

Eftirtaldir tóku til máls:

Almenn mál

4. 2310045 - Skipan í nefndir og ráð

Kosning fulltrúa O-lista í Menningar- atvinnu og markaðsnefnd og sjötta fulltrúa í SASS og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ásamt varamönnum.

Eftirtaldir tóku til máls:

5. 2310044 - Tilkynning til bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar um fyrirhugaða undirskriftarsöfnun vegna óska um borgarfund varðandi íþróttaaðstöðu í Hveragerði

Í bréfinu frá Írisi Brá Svarvarsdóttur frá 9. október 2023 segir frá fyrirhugaðri undirskriftasöfnun vegna óska um borgarafund vegna íþróttaaðstöðu í Hveragerði.

Eftirtaldir tóku til máls:

6. 2310041 - Fyrirspurn frá fulltrúum D-listans - vegna breytinga á samþykktum Hveragerðisbæjar

Á bæjarstjórnarfundum í júní sl. óskuðu fulltrúar D-listans eftir útreikningum á þeirri hagræðingu sem ætlunin var að ná fram með breytingum á samþykktum um stjórn Hveragerðisbæjar. Við upphaf breytinga á samþykktum um stjórn Hveragerðisbæjar sögðu bæjarfulltrúar meirihlutans að breytingarnar væru meðal annars gerðar í hagræðingarskyni. Í ljósi þess að svo virðist sem að um sama fjölda nefnda og

nefndarmanna sé að ræða eftir breytingar, þá óskum við fulltrúar D-listans eftir útreikningum á þeirri hagræðingu sem ætlunin var að ná fram með breytingunum. Þá teljum við ný hlutverk sumra nefnda vera verulega óljós. Einnig bendum við á að hlutverk Velferðar- og fræðslunefndar og skólanefndar skarist.

Eyþór H. Ólafsson
Sigmar Karlsson

Eftirtaldir tóku til máls:

7. 2310042 - Fyrirspurn frá fulltrúum D-listans - vegna framkvæmda við nýtt hjúkrunarheimili

Bæjarfulltrúar D-listans hafa lagt mikla áherslu á að tryggja áframhaldandi bættan aðbúnað heimilismanna sem búa á hjúkrunarheimilinu Ási og um leið að veita íbúum í Hveragerði þann kost að geta búið áfram í sínum heimabæ. Á síðasta kjörtímabili hófst samvinna Hveragerðisbæjar og ríkisins í að setja af stað útboðsferli við byggingu 22 hjúkrunarrýma. Með þeim framkvæmdum átti tvíbýlum á hjúkrunarheimilinu að verða útrýmt. Samkvæmt samningnum átti nýtt hjúkrunarheimili að opna árið 2024. Hver er staðan á framkvæmdum við nýtt hjúkrunarheimili í Hveragerði? Hefur einhver vinna verið lögð í þetta málefni á þessu kjörtímabili? Ef já hver er sú vinna? Hvenær er áætlað að nýtt hjúkrunarheimili verði tekið í notkun?

Eyþór H. Ólafsson
Sigmar Karlsson

Eftirtaldir tóku til máls:

8. 2310043 - Tillaga frá bæjarfulltrúum D-listans varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja

Fulltrúar D-listans leggja til að fallið verði frá áformum meirihlutans um leigu á atvinnuhúsnaði fyrir neðan þjóðveg sem notast á sem íþróttamannvirki. Í stað þess leggja fulltrúar D-listans til að þegar í stað verði ráðist í hönnun og byggingu viðbyggingar við núverandi íþróttahús við Skólamörk. Viðbyggingin verði hönnuð í samvinnu við íþróttafélagið Hamar en almennt miðað við að hún nýtist sem flestum íþróttagreinum.

Greinargerð

Allt frá því að meirihluti bæjarráðs samþykkti tillögu síðasta sumar um leigu á atvinnuhúsnaði fyrir neðan þjóðveg til íþróttaiðkunnar hefur skapast mikil óánægja í samfélaginu með þá ákvörðun. Bent hefur verið á að mikil hætta geti skapast fyrir iðkendur þegar þeir ferðast til og frá íþróttamannvirkinu og auk þess er um að ræða athafnasvæði sem ekki er skipulagt fyrir íþróttamannvirki. Með tillögunni fylgdi engin kostnaðaráætlun en ætla má að leigukostnaður á fjórum árum verði um 70 milljónir króna auk kostnaðar við að gera húsið hæft til íþróttaiðkunnar. Varðandi rekstrarkostnað á húsinu má ætla að starfsmannakostnaður verði á bilinu 60-80 milljónir á fjórum árum auk annars rekstrarkostnaðar. Viðbyggingin sem hér er lögð til gæti verið um 700fm af stærð og eftir samtöl við fagaðili má ætla að byggingarkostnaður verði um 500 þúsund á fermetra eða samtals um 350 milljónir króna.

Eyþór H. Ólafsson
Sigmar Karlsson

Eftirtaldir tóku til máls:

12.10.2023
Geir Sveinsson, bæjarstjóri.